

Nd.

157. Frumvarp til laga

[101. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1959, um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síðasta málgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkviar, kranar, innsiglingarmerki, hafnsögubátar, sjómannastofur og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá einu efnisbreytingu frá gildandi lögum, að við þau mannvirki, sem talin eru styrkhæf af hafna- og lendingarbótaframlagi ríkisins, bætast sjómannastofur.

Sú hefur verið þróun síðari ára, að hafnarmannvirkin sjálf — í þrengstu merkingu þess orðs — hafa ekki ein saman þótt veita þá aðstöðu til afgreiðslu og útgerðar skipa, sem nauðsyn krafði. Þess vegna hefur smám saman verið bætt á hafnalög sem styrkhæfum framkvæmdum ýmsu því, sem þarfirnar hafa kallað á og óhjákvæmilegt þótti að leggja í kostnað við, eftir því sem hlutverk hafnanna stækkaði og starfræksla þeirra færðist í nýtzkulegra horf.

Dráttarbrautir, bryggjukranar og hafnsögubátar voru ekki hafnargerðir eftir elztu hugmyndum. Engu að síður er allt þetta óhjákvæmilegt í hverri meiri háttar höfn nú, til þess að viðunanleg aðstaða fái til greiðrar afgreiðslu báta og skipa og nauðsynlegs viðhalds skipanna og viðgerða.

Það hefur á hinn bóginn dregið mjög úr hömlu, að gerðar væru af opinberri hálfu ráðstafanir til þess, að sjómennirnir á skipunum fengju sambærilega bót á sinni aðstöðu í höfnum, þar sem þeir dveljast fjarri heimilum sínum, eins og skipin sjálf og vinnan við þau hefur öðlast.

Ef hafnaryfirvöldin á hverjum stað ættu það víst, að þau fengju þann kostnað uppi borinn að  $\frac{2}{5}$  hlutum úr ríkissjóði, sem lagður væri í það að koma upp góðum nútíma vistarverum fyrir aðkomna sjómenn, má líklegt telja, að því yrði betri gaumur gefinn en nú er að gera heimilislausum sjómönnum í fiskihöfnum landsins lífið ánægjulegra en nú er raunin á.

Úr ríkisfjárhirzlunni er stöðugt lagt fram aukið fé til löggæzlu í verstöðvunum. Þó er það flestra mál, að ekki fari löghlýðnin vaxandi með þeim ráðstöfunum.

Það er hins vegar flest, sem til þess bendir, að bætt aðhúð og aðstaða til uppbyggjandi tómtundaiðju og skemmtana — en upp á það yrðu nútíma sjómanna- stofur að bjóða — mundi binda endi á vöxt löggæzlukostnaðarins.

Það er því óséð, hvort lögtaka þessa frumvarps mundi hafa nokkurn kostnaðar- auka í för með sér fyrir ríkissjóð. En miklum mun væri það þjóðlífi okkar hollara og einstaklingunum ánægjulegra, að hinum mikla tilflutningi fólks, sem fiskveiðar okkar krefjast, væri mætt með uppbyggingu menningar- og skemmtistöðva fremur en fjölgun lögregluliðs og stækkun tugthúsa.